

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Að auka orðaforða í gegnum leiklist



Rannveig Björk Þorkelsdóttir leiklistarkennari við Háteigsskóla og
Ása Helga Ragnarsdóttir aðjúnkt við Háskóla Íslands, menntavísindasvið

Nafn skóla: Háteigsskóli

Nafn verkefnisins: Að auka orðaforða í gegnum leiklist

Nafn verkefnisstjóra: Rannveig Þorkelsdóttir

Markmið verkefnis

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort aðferðir leiklistar væru hentugar til að auka orðaforða nemenda á yngsta stigi grunnskóla og var það jafnframt rannsóknarspurning verkefnisins. Rannsóknin þróaðist út frá annarri rannsókn rannsækenda sem ber heitið; *Skapandi nám í gegnum leiklist* og er hægt að lesa niðurstöður þeirrar rannsóknar í ritýndri grein í Netlu 2010. Markmið þeirrar rannsóknar var að skoða leiklist sem kennsluaðferð og athuga hvort kennsluaðferðin hefði áhrif á nám barna. Niðurstöður benda til þess að aðferðir leiklistar henti almennt vel í nám barna sem eiga við námsörðugleika að stríða. Kennsluaðferðir leiklistar virðast einnig gagnlegar fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál. Niðurstöðurnar vöktu áhuga rannsækenda á að kanna hvort aðferðir leiklistar gætu aukið orðaforða barna umfram aðrar kennsluaðferðir og því var farið af stað með ofangreinda rannsókn.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Rannsóknin, sem var samanburðarrannsókn, hófst haustið 2010 og henni lauk vorið 2011. Vorið 2010 var auglýst eftir skólum til að taka þátt í rannsókninni: *Að auka orðaforða nemenda í gegnum leiklist*. Skilyrði fyrir þátttöku var að nemendur væru í öðrum bekk (7 ára) og að tveir kennarar úr sama árgangi, en sitt hvorum bekknum, tækju þátt. Annar bekkurinn notaði aðferðir leiklistar í kennslu en hinn ekki. Unnið var með tvær sögur, Egils sögu og Þórunn og eplin. Átta bekkir tóku þátt, fjórir notuðu aðferðir leiklistar en fjórir ekki. Hverjum kennara sem ekki notaði leiklist var frjálst að nota hvaða kennsluaðferð sem var. Við upphaf rannsóknar, haustið 2010, var haldið námskeið fyrir þá kennara sem sótt höfðu um að taka þátt í rannsókninni. Þar voru kennsluaðferðir leiklistar kynntar og kenndar. Einnig fengu þeir kennarar, sem ætluðu að nota kennsluaðferðir leiklistar, kennsluefni sem tengdist sögunum tveimur sem unnið var með. Báðir samanburðarhóparnir lásu sömu bækurnar þennan vetur þ.e. Egils sögu og Þórunn og eplin.

Þeir kennarar sem höfðu valið að kenna bækurnar með aðferðum leiklistar unnu með leikrænt ferli sem unnið var upp úr bókunum og var samið sérstaklega fyrir þetta verkefni. Í leikræna ferlinu var efni bókanna kennt með mörgum ólíkum aðferðum leiklistar. Þeir kennarar sem völdu að nota ekki kennsluaðferðir leiklistar gátu valið þær kennsluaðferðir sem þeim hentaði. Flestir kusu að lesa sögurnar fyrir nemendur sína, en einn bekkur vann lðunn og eplin með söguaðferðinni. Rannsakendur sömdu spurningalista úr efni bókanna. Sömu spurningalistar voru lagðir fyrir alla nemendur að hausti og að vori. Að auki var lagður orðskýringahluti úr Aston Intex prófi fyrir alla nemendur, bæði að hausti og vori. Með samanburði á niðurstöðum spurningalistanna og orðskýringahluta Aston Intex prófs var kannað hvort aðferðir leiklistar væru hentugar til að auka orðaforða eður ei.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Áætlun stóðst í öllum grundvallaratriðum. Þó tók könnunin, sem lögð var fyrir alla nemendur, mun meiri tíma en gert var ráð fyrir í upphafi. Nemendur voru margir og það tók um þrjátíu mínútur að leggja hvern spurningalista fram í hvert sinn en slíkt var gert bæði að hausti og vori. Nemendur voru aðeins sjö ára og því þurfti eðlilega að útskýra spurningalistana vel og taka sér góðan tíma í að leggja spurningarnar fyrir. Þetta sáu rannsakendur ekki fyrir og því varð rannsóknin tímafrekari en ella. Haustið 2009 fóru rannsakendur í samstarf við University of Stavanger í Noregi en ætlunin var að bera saman niðurstöður samskonar rannsókna sem framkvæmd var ytra. Því miður hafa rannsakendur í Noregi ekki lokið við að vinna úr niðurstöðum.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Helstu hindranir sem urðu við framkvæmd verkefnisins komu upp í tengslum við tímaáætlunir. Þannig boðuðu t.d. rannsakendur komu sína í bekkina á vissum tíma, en er þeir mættu voru nemendur stundum uppteknir eða í vettvangsferðum; rannsakendur þurftu því að finna annan tíma með nemendum. Verkefnið teygðist því langt fram á vor, en það kom þó ekki að sök þar sem rannsakendur náðu að leggja spurningalistana fyrir alla nemendur. Það var fengur að því að herbergin þar sem spurningalistarnir voru lagðir fyrir voru gluggalaus því sólin skein glatt síðustu dagana og nemendur óþreyjufullir að komast út. Áður en rannsakendur lögðu af stað með sína rannsóknarvinnu prófuðu þeir spurningalista sem þeir notuðu í rannsókninni en þeir töldu sig vera með nokkuð "skothelda" spurningalista. Aldrei er samt hægt að sjá fyrir öll svör nemenda, sérstaklega ekki þegar ungir nemendur eiga í hlut. Spurningunni: „Hvað er

hlunkur?“, þar sem mátti búast við svarinu: „Það er einhver sem er feitur og mikill.“ svöruðu nemendur stundum: „Jú, það er ís.“ Auðvitað eru bæði svörin góð og gild en ís er hins vegar ekki nefndur í þeirri sögu sem fjallað var um.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið; jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Rannsóknin á vonandi eftir að auka almenna þekkingu á áhrifum mismunandi kennsluaðferða á nám barna. Gildi rannsókna í skólastarfi felst í að hafa áhrif á kennslu og námsumhverfi til hins betra með hagsmuni og þarfir nemenda að leiðarljósi. Niðurstöður rannsóknarinnar verða vonandi til að auka þekkingu kennara á því hvort gagnlegt sé að nota aðferðir leiklistar í skólastarfi til að auka orðaforða og þroska nemenda. Jákvætt atriði sem fylgdi þessari rannsókn var að nemendur í fjórum bekkjum í þremur grunnskólum var kennd leiklist einu sinni í viku skólaárið 2010 til 2011. Þeir kennarar sem tóku þátt héldu áfram að vinna með aðferðum leiklistar næsta skólaár þar á eftir og rannsakendur hafa hug á að skrifa málfræðibók fyrir yngstu nemendur grunnskóla þar sem áhersla er lögð á að kenna málfræði með aðferðum leiklistar.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið hófst í ágúst 2010 með námskeiði í aðferðum leiklistar í kennslu fyrir kennara sem tóku þátt í rannsókninni eins og til stóð í upphafi. Í september sama ár voru könnunarprófin lögð fyrir. Frá því í október og fram í febrúar 2011 fóru rannsakendur í vettvangsathuganir og kenndu leiklist með þeim kennurum sem þess óskuðu. Frá mars og fram í júní voru prófin lögð fyrir í annað sinn. Úrvinnsla hófst í september 2011 og lauk í júní 2012.

Niðurstöður verkefnisins

Megindlegri aðferðafræði var beitt við rannsóknina, en hún var samanburðarrannsókn. Gögnum var aflað með spurningalistum sem rannsakendur bjuggu til út frá Egils sögu og sögunni um lóunn og eplin. Einnig notuðu rannsakendur orðskýringarluta úr Aston Index prófi, en hann er staðlaður prófþáttur þar sem árangur nemenda er háður aldri og er hann normaldreifður í öllum árgöngum. Þá voru gögnin hljóð- og kvikmynduð. Greining gagna hófst þegar öllum viðtölum var lokið. Spurningalistarnir voru lagðir fyrir alla bekkina í september 2010 og sömu listar aftur í maí 2011. Spurningalistarnir voru greindir og bornir saman út frá aukningu á réttum svörum. Þegar um verulegt frávik var að ræða var stuðst við Aston Index prófið til að sjá samanburð milli nemenda. Aukning í svörum fyrir hvora sögu fyrir sig var talin saman og

deilt var í fjöldann til að fá fram meðaltalsaukingu í hverjum bekk fyrir sig. Helga Sigurmundsdóttir sérkennari var rannsakendum innan handar með gögn og greiningu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á aukningu milli kannana í öllum bekkjunum átta. Mesta aukning varð í bekkjum þar sem leiklist var notuð. Meðaltalsaukning á svörum nemenda þegar unnið var með söguna um lðunni og eplin í gegnum leiklist var 4.95 rétt svar á móti 0,98 réttu svari þeirra sem notuðu ekki leiklist þ.e. kennarar lásu söguna með bekknum. Aukningin á milli kannana var 4.68 þegar unnið var með Egils sögu með aðferðum leiklistar á móti 4.1 réttu svari þegar sagan var lesin. Í einum bekk þar sem ekki var notuð leiklist var stuðst við söguaðferðina þegar unnið var með söguna um lðunn og eplin og var meðaltalsaukning þar 3.61 rétt svar og 3.44 rétt svar þegar unnið var með Egils sögu. Þegar orðskýringahluti Aston Index prófsins er skoðaður eru um 60% nemenda innan við eins staðalfráviks frá meðaltalinu. Af þessari niðurstöðu má ljóst vera að þegar sögur eru kenndar með aðferðum leiklistarinnar (þ.e. kastljós, kyrrmyndir, skrifað í hluverki og spuni) ná nemendur að lifa sig inn í söguna og námsefnið festist betur í minni nemenda og um leið eykst orðaforðinn.

Áætlun um kynningu á afrakstri rannsóknarinnar

Þrátt fyrir seinkun á greiningu hjá Norðmönnum er stefnt að því að setja á stofn gagnasafn með lestraprófum og könnunum sem bæði Íslendingar og Norðmenn hafa aðgang að. Niðurstöður verða kynntar á norrænu leiklistarráðstefnunni Drama Boreale í ágúst 2012 og í framhaldi af því birtar í ráðstefnuriti Drama Boreale ráðstefnunnar sem FLÍSS, félag um leiklist í skólastarfi gefur út í ársbyrjun 2013. Að auki munu rannsakendur skrifa grein um rannsóknina í Netlu vef tímarit um uppeldi og menntun.

Reykjavík 28. júní 2012

Rannveig Þorkelsdóttir,
verkefnisstjóri